

A 1859/tillväxt

Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um hrossarækt og hestamennsku á Norðurlöndum**Tillaga**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún kanni leiðir til að skoða þýðingu hrossaræktar og hestamennsku á Norðurlöndum auk þess að koma í veg fyrir stjórnsýsluhindranir

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær vinni að framgangi hrossaræktar og hestamennsku á Norðurlöndum

Bakgrunnur

Hrossarækt og hestamennska skiptir miklu máli á Norðurlöndum þó að greinin njóti ekki alltaf þeirrar viðurkenningar sem hún verðskuldar. Með hrossarækt og hestamennsku í þessu tilfelli er átt við ræktun hrossa og starfsemi á borð við kerruakstur og aðrar hestaþróttir. En einnig önnur starfssvið eins og til dæmis notkun hesta í meðferðartilgangi. Fjöldi fólks starfar við hrossarækt og hestamennsku vegna mikillar þarfar á vörum og þjónustu sem viðkemur hrossahaldi.

Á Norðurlöndunum er áætlað að séu 75.000 hestar í Finnlandi, 360.000 hestar í Svíþjóð, 125.000 hestar í Noregi og 41.000 hestar í Danmörku. Á Íslandi höfum við einnig hinn fræga íslenska hest sem er orðinn að nokkurs konar norrænum sendiherra um víða veröld. 250.000 íslenskir hestar eru skráðir í meira en 20 löndum, þar af eru u.þ.b. 40% á Íslandi.

Erfitt er að finna samanburðarhæfar tölur um veltu hrossaræktar og hestamennsku og fjölda þeirra sem starfa við greinina. En til að setja hlutina í samhengi má gera ráð fyrir að í Finnlandi sé um að ræða veltu sem nemur 850 milljónum evra og í Svíþjóð er sambærileg tala u.þ.b. 6,9 milljarðar evra. Veltan hjá norska veðreiðafyrirtækinu, Norsk Rikstoto, nam u.þ.b. 3,4 milljörðum norskra króna árið 2019. Fjöldi ársverka er áætlaður vera u.þ.b. 7.000 í Finnlandi, 16.000 í Noregi og 38.000 í Svíþjóð.

Allar forsendur eru til staðar til þess að greinin geti aukið veltu og veitt fleira fólki



vinnu með aukinni norrænni viðurkenningu og norrænu samstarfi. Í því skyni að stuðla að framgangi hrossaræktar og hestamennsku á Norðurlöndum er mikilvægt að gerð verði úttekt á hugsanlegum stjórnsýsluhindrunum og komið í veg fyrir þær. Við viljum þó leggja áherslu á að einnig er mikilvægt að halda fast í reglur til að varðveita íslenska hestakynið fyrir næstu kynslóðir.

Í þeirri spilastarfsemi sem fylgir hestaípróttum er mikilvægt að öðlast mun betri norræna yfirsýn. Ágóðann af spilastarfseminni á Norðurlöndum sem tengist hestaípróttum ætti að endurfjárfesta í hrossarækt og hestamennsku og koma samfélaginu til góða. Einnig er mikilvægt í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins að tryggja góð starfsskilyrði innan greinarinnar.

Mikilvægt er að bæta dýravernd og setja fram siðferðiskröfur um dýrahald. Verulega aukið samstarf á Norðurlöndum til að efla hrossarækt og hestamennsku gæti stutt vinnu að og rannsóknir á vellíðan dýranna. Því til viðbótar að koma í veg fyrir lyfjamisnotkun og siðlausu meðferð á dýrum.

Norðurlöndum, 26. október 2020

Anders Kronborg (S)

Annette Lind (S)

Camilla Gunell (ÅSD)

Doris J. Jensen (S)

Emilia Töyrä (S)

Erkki Tuomioja (sd)

Eva Lindh (S)

Eveliina Heinäluoma (sd)

Gunilla Carlsson (S)

Heidi Viljanen (sd)

Henrik Møller (S)

Ingalill Olsen (A)

Jorodd Asphjell (A)

Kasper Roug (S)

Kim Berg (sd)

Lars Mejern Larsson (S)

Martin Kolberg (A)

Nina Sandberg (A)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Orla Hav (S)

Per-Arne Håkansson (S)

Pyry Niemi (S)

Ruth Grung (A)

Stein Erik Lauvås (A)

Thomas Jensen (S)